



387. Stjórnarfundur haldinn 26. jan. 2012 kl:17:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Sigurvin Guðfinnsson (SG), Birgir Ingbergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SA) og Bjarney S. Snævarsdóttir. (BS)

1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá UMFÍ v/ landsmóts 50+ Mosfellsbæ. *Móttekið.*

Bréf frá LÍ yfirlit v/ ábyrgða. *Móttekið.*

Bréf frá UMFÍ v/ umsóknar um 18. unglingslandsmóts UMFÍ 2015. *Móttekið.*

Bréf frá Fulltingi um skaðabótakröfu v/ slys á leikmanni 2008 á hendur knattspyrnudeildar. *Móttekið og framkvæmdastjóri er að vinna í málinu með knattspyrnudeild.*

Bréf frá Þorsteini Magnússyni formanni knattspyrnudeildar Keflavíkur þar sem óskað er leyfis til skuldbreytingar knattspyrnudeildar. *Heimild veitt með umboði til handa stjórnar knattspyrnudeildar til skuldbreytingar.(umboð fylgir fundagerð)*

3. Send bréf.

Svarbréf sent til UMFÍ v/eineltismála, jafnréttisstefnu og fl..

4. Aðalfundir.

Aðalfundur badmintondeildar og sunddeildar eru búnir og er nýr formaður Stefán Már Jónasson í badmintondeild. Falur Helgi Daðason var endurkjörinn sem formaður sunddeildar og er deildin með 5 manna varastjórn. Ákveðið var að fresta aðalfundi taekwondodeildar sem átti að fara fram 24. janúar vegna óviðráðanlega ástæðna, en hann verður auglýstur síðar. Aðalfundur fimleikadeildar er í kvöld í Íþróttakademíunni og er nýr formaður Andrés Þórarinn Eyjólfsson að taka við. Undirbúningur að aðalfundi félagsins er hafin en fundurinn er 27 febrúar kl.20:00.

Bókhald körfuknattleiksdeildar er ekki fært og verður ekki tilbúið fyrir áður auglýstan aðalfund deildarinnar. *Ákveðið að fresta fundi um óákveðin tíma og framkvæmdastjóri aðstoði stjórn körfuknattleiksdeildar í að koma bókhaldinu á réttan kjöl.*

5. Önnur mál.

Tölvupóstur frá Jóhannesi Ellertssyni v/ stöðu Stafnvíkur.

Óskað hefur verið eftir við deildir að uppfæra handbækur og sækja um endurnýjun á fyrirmyndardeild/félag ÍSÍ. Ánægjulegt væri ef það tækist fyrir aðalfund félagsins.

Heimasíða félagsins er í vinnslu og væntanleg á næstunni.

BI ræðir um fundagerðabók sunddeildar en hún virðist vera tínd. Líklega var hún á sögusýningu félagsins 2009. Stjórnarmenn beðnir að forvitnast um hvar hún gæti verið niðurkomin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:15

Fundinn ritaði SG

